


Mynd: Gunnar Guðmundsson



Mynd Gunnar Guðmundsson



Mynd Kjartan Kristjansson

Svipmyndir af sýningunni

LJÓS '75


Þeir félagarnir Kjartan Kristjánsson, Pétur Þ. Maack og Gunnar Guðmundsson hafa myndað með sér félagsskapinn LJÓS. Þeir eru áhugaljósmyndarar og hafa haldið tvær sýningar á myndum sínum og nýbúnir að opna þá þriðju, LJÓS '75, að Kjarvalsstöðum. Þar sýnir með þeim sem gestur Mats Wibe Lund ljósmyndari. Gesturinn sýnir litmyndir en þremenningarnir í Ljós svarthvítar.

Það þarf ekki að eyða mörgum orðum í að lýsa þessari sýningu. Hún er frábær. Fyrir áhugaljósmyndara er það stórfenglegt að sjá, hvaða hluti er hægt að gera með vandvirkni og vinnu. Fyrir listunnendur er þarna tækifæri til að fá sjaldgæfa list (hér á landi) fyrir það sem kallast mætti útsöluverð. Svarthvítu myndirnar eru á 10 þúsund kr. stykkið, en verð litmyndanna er 25.000 og 75.000 (eftir stærð).


Þjóðviljinn hefur fengið leyfi til að birta hér nokkrar myndir þeirra Gunnars Guðmundssonar og Kjartans Kristjánssonar, og ættu þær að gefa nokkra hugmynd um hversu breitt svið þessi sýning spannar.

En þessar myndir segja hins vegar ekki allt. Til þess að sjá hvers myndavél og myrkraherbergi eru megnug í listsköpun er fólki eindregið ráðlagt að fara og skoða sýninguna Ljós '75. Þessi sýning svíkur engan.

—hm.



Mynd Kjartan Kristjansson



Mynd Kjartan Kristjansson



Mynd: Gunnar Guðmundsson